

**Ed.**

**369. Frumvarp til laga**

[212. mál]

um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

**I. KAFLI**

**Markmið skólans og skipulag.**

**1. gr.**

Markmið Stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf, farmannapróf og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.

**2. gr.**

Skipstjórnarnám skal vera í 4 stigum, og veiti hvert stig tiltekin atvinnuréttindi, eins og þau verða ákveðin í lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

1. stig farmanna og fiskimanna, námstími 6 mán.

2. stig farmanna og fiskimanna, námstími 7½ mán.

3. stig farmanna, námstími 7½ mán.

4. stig skipstjóraefna á varðskipum ríkisins, námstími 4 mán.

Heimilt er að lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

**3. gr.**

Til þess að ljúka 2., 3. og 4. stigi skipstjórnarnáms, þarf nemandi áður að hafa lokið lægri stigum.

**II. KAFLI**

**Kennsla.**

**4. gr.**

Í skólanum skal kenna: stærðfræði, siglingafræði, þar með talin kennsla í notkun siglinga- og fiskileitartækja, íslenzku, ensku, dönsku, eðlisfræði, rafmagnsfræði, vélfræði, sjórétt, landa- og veðurfræði, heilsufræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og íþróttir, einkum sund. Þá skal leitast við að veita nemendum fiskimannadeildar fræðslu um fiskverkun og annað, er lýtur að meðferð og geymslu fisks um borð í skipum.

Auk þessa skal kenna þær fræðigreinar, sem sérstaklega er krafist fyrir skipstjóraefni á varðskipum ríkisins.

Heimilt er að bæta við námsgreinum, ef þörf þykir. Kennslumagn í hverri grein skal ákveðið í reglugerð.

**III. KAFLI**

**Inntaka nemenda.**

**5. gr.**

Almenn inntökuskilyrði í skólann eru þessi:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma.

2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða krefst.

3. Að kunna sund.

4. Að vera ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er geti orðið öðrum nemendum skaðvænir.
5. Að hafa lokið gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi.

Heimilt er að halda námskeið við skólann fyrir þá, sem ekki hafa gagnfræða-próf eða annað hliðstætt próf. Námskeið þetta skal standa minnst 4 mánuði. Námsgreinar skulu vera: Stærðfræði, eðlisfræði, íslenzka, enska og danska. Skal náms-efnið miðað við það, sem kennt er til gagnfræðaprófs í þessum greinum. Próf frá þessu námskeiði með tilskilinni einkunn veitir rétt til setu í 1. bekk, sé öðrum inntökuskilyrðum fullnægt.

#### IV. KAFLI

##### Kennslutími.

###### 6. gr.

Skólinn starfar frá 1. október ár hvert og eigi skemur en til 15. maí.

Heimilt er að halda hálfsmánaðar námskeið í stærðfræði og íslenzku eða fleiri greinum að haustinu, áður en skóli hefst, fyrir þá, er ekki náðu tilskilinni lágmarks-einkunn í þessum greinum til að setjast í hærri bekk, en náðu þó tilskilinni lágmarksmeðaleinkunn, eins og ákveðið verður í reglugerð.

#### V. KAFLI

##### Próf.

###### 7. gr.

Próf skulu haldin í lok kennslutímabils hvers stigs og skulu gefin út próf-skírteini fyrir hvert stig. Prófskírteini við próf 2. stigs, 3. stigs og 4. stigs skulu gefin út bæði á íslenzku og ensku.

###### 8. gr.

Við próf 1., 2., 3. og 4. stigs skal auk kennarans, sem prófar, vera einn próf-dómari í hverri grein, og skipar ráðuneytið þá að fengnum tillögum skólastjóra.

###### 9. gr.

Vilji maður ganga undir próf, án þess að hafa stundað nám við skólann, skal hann senda menntamálaráðuneytinu beiðni um það eigi síðar en tveimur mánuðum áður en próf hefst, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim, er um getur í 1.—5. lið 5. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefur fengið.

Heimilt skal skólastjóra að veita manni leyfi til að ganga undir próf upp úr undirbúningsdeildinni, þótt hann hafi ekki stundað þar nám.

#### VI. KAFLI

##### Kennarar skólans.

###### 10. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar skólastjóra við skólann og fasta kennara eftir þörfum að fengnum tillögum skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara eftir þörfum.

Laun skólastjóra og fastra kennara skulu ákveðin í kjarasamningum starfs-manna ríkisins eða með dómi kjaradóms.

###### 11. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri Stýrimannaskólans, þarf hlutaðeigandi að hafa lokið farmannaprófi skólans eða jafngildu prófi annars staðar og síðan stundað framhaldsnám í raungreinum skólans og lokið prófi í þeim við innlendan eða erlendan skóla.

Til þess að verða fastur kennari í siglingafræði verður hlutaðeigandi að hafa lokið að minnsta kosti farmannaprófi 3. stigs eða sambærilegu prófi, þó má veita undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar sérstaklega stendur á. Fastur kennari í siglingafræði við 3. stig farmannadeildar verður að hafa lokið prófi frá deildinni fyrir skipstjóraefni á varðskipum ríkisins eða sambærilegu prófi.

Til þess að verða tungumálakennari skólans verður hlutaðeigandi að hafa lokið háskólaprófi í kennslugrein sinni við skólann. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

Enginn getur fengið veitingu fyrir embætti við skólann, nema hann hafi gegnt því á fullnægjandi hátt sem settur í eitt ár að minnsta kosti.

## VII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 12. gr.

Kostnaður við skólahaldið greiðist úr ríkissjóði.

#### 13. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem ákveðið sé um námsefni fyrir hvert stig. Enn fremur ákvæði um próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutilhögun, námskeið og annað, er varðar skólahaldið almennt.

#### 14. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Ráðuneytið skipar 5 menn í skólanefnd til fjögurra ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna. Formann skipar ráðuneytið án tilnefningar.

Skólanefndin skal fylgjast með kennslutilhögun og námsefni og vera skólastjóra til aðstoðar í málefnum skólans almennt.

#### 15. gr.

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem um getur í 5. gr., svo og þá fræðslu, sem þarf til að standast fiskimannapróf 1. stigs og jafnframt til að setjast í 2. bekk í stýrimannaskóla, skal skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík láta halda árlega á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er að dómi ráðuneytisins: Akureyri, Ísafirði og í Neskaupstað.

Námskeiðin skulu haldin á sama tíma og kennsla fer fram í sams konar deildum Stýrimannaskólans í Reykjavík. Inntökuskilyrði skulu vera hin sömu og í sams konar deildir í Reykjavík.

Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum stöðum en að ofan greinir, að tilskildu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um lágmarkspátttöku o. fl. varðandi námskeiðin. Verkefni fyrir skrifleg próf við lok námskeiðanna skulu send frá Stýrimannaskól- anum í Reykjavík. Prófdómara skipar menntamálaráðuneytið að fenginni tillögu skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði af fjárlagalið Stýrimanna- skólans.

#### 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði laga nr. 84/1966 gilda um þá, er hafa hafið nám í skólanum, áður en löggin taka gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 13. júlí 1970 skipaði menntamálaráðuneytið 3ja manna nefnd til þess að endurskoða lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík. Í nefndinni áttu sæti: Jónas Sigurðsson, skólastj., formaður, Sigurður J. Briem, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, og Garðar Þorsteinsson, stýrimaður, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Nefndin hefur samið þetta frumvarp til laga um Stýrimannaskólann í Reykjavík, sem ætlað er að koma í stað laga nr. 84/1966 um sama skóla. Þótt þau lög séu ekki eldri, taldi nefndin rétt að semja nýtt frumvarp, þar sem breytingar þær, sem hún leggur til að gerðar verði á eldri lögnum, eru það miklar, að varla mundi henta að fella þær inn í þau lög.

Aðalbreytingarnar, sem lagt er til að gerðar verði, eru fólgnar í því, að felld er niður úr eldri lögnum upptalning á námsefni fyrir hin einstöku próf. Telur nefndin, að slík upptalning eigi betur heima í reglugerð, enda nauðsynlegt að hafa svigrúm til breytinga á því sviði í sérskóla sem þessum, en eins og kunnugt er, eru breytingar á lögum þyngri í vöfum en breytingar á reglugerðum. Þá er lagt til að inntökuskilyrði verði hert, þannig að gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi verði bætt við sem inntökuskilyrði í 1. bekk. Ekki er ætlunin með þessu skilyrði að útiloka neinn, sem sjómennsku stundar og ekki hefur lokið slíku prófi, frá því að sækja skólann eða skylda hann til að sækja gagnfræðaskóla til þess að öðlast slíkt próf. Er gert ráð fyrir heimild fyrir Stýrimannaskólann til að halda námskeið og verði þar kenndar námsgreinarnar: stærðfræði, eðlisfræði, íslenska, enska og danska og námsefnið miðað við það, sem kennt er í þessum greinum til gagnfræðaprófs. Þeir, sem stæðust próf frá því námskeiði, gætu sett í 1. bekk að hausti; þetta mundi að vísu lengja námstímann fyrir þá, sem minni undirbúning hefðu, enda ekki óeðlilegt.

Í stýrimannaskóla koma menn með mjög misjafna bóklega undirstöðumenntun, allt frá barnskólaprófi eingöngu til stúdentsprófs. Þar sem inntökuskilyrði er bóklegan undirbúning eru engin, hefur því orðið að miða námsefnið við þá, sem minnsta undirbúningsmenntun hafa haft. Of mikill tími hefur því farið í námsefni, sem nemendur hefðu átt að vera búnir að læra í öðrum skólum. Sú tilhögun, sem hér er gert ráð fyrir að verði, ætti að geta brúað a. m. k. að nokkru leyti bilið á milli þeirra, sem misjafnan undirbúning hafa. Þá mundi og fást meiri tími fyrir sérgreinar skólans, sem byrjað er á þegar í 1. bekk, en því verður ekki neitað, að fyrir nemendur, sem engan bóklegan undirbúning hafa í stærðfræði, eðlisfræði og tungumálum, er námið orðið mjög erfitt, svo að aðkallandi er orðið að lengja námstímann fyrir þá. Einnig er aðkallandi að auka námsefnið, bæði fyrir farmenn og fiskimenn.

Gert er ráð fyrir, að samræmt verði námsefni 2. bekkjar farmannadeildar og 2. bekkjar fiskimannadeildar þannig, að sömu skipstjórnarréttindi fái eftir nám í þessum deildum. Er þetta lagt til með tilliti til þess, að miklu nánari tengsl eru hér milli farmanna og fiskimanna en hjá öðrum þjóðum. Sami skóli er fyrir báða, þar sem annars staðar eru yfirleitt sérstakir skólar fyrir hvorn um sig. Þá er það mjög algengt, að í farmannadeildina komi menn með nokkuð af hásetatíma sínum á fiskiskipum og öfugt.

Er gert ráð fyrir, að námsefni og námstími í 2. bekk farmannadeildar og 2. bekk fiskimannadeildar verði sá sami,  $7\frac{1}{2}$  mán. (er núna  $7\frac{1}{2}$  mán. í 2. bekk fiskimannadeildar, en 6 mán. í 2. bekk farmannadeildar). Réttindin yrðu hin sömu, þ. e. skipstjórnarréttindi á fiskiskipum af hvaða stærð sem er og hvar sem er og skipstjórnarréttindi á kaupskipum, allt að 400 rúml. í innan- og útanlandssiglingum, eða sams konar og fiskimannapróf upp úr 2. bekk veitir nú. Enn fremur undirstýrimannaréttindi á kaupskipum og varðskipum, ekki tímabundin eins og nú er. Skipstjórnarréttindi á hverri tegund skipa yrðu þó ekki veitt nema eftir ákveðinn siglingatíma á viðkomandi tegund, þannig að ekki yrðu veitt skipstjórnarréttindi á fiskiskipum,

nema eftir ákveðinn siglingatíma á slíkum skipum og ekki réttindi á kaup- eða varðskipum, nema eftir ákveðinn siglingatíma á þeim skipum. Hér þyrftu þá jafnframt að koma til breytingar á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna nr. 52/1968.

Þá er lagt til í frumvarpinu, að skipuð verði skólanefnd, sbr. 14. gr., en slík nefnd hefur ekki starfað áður við þennan skóla.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### Um 1. gr.

Í greininni er getið um markmið Stýrimannaskólans í Reykjavík, þ. e. að veita þá fræðslu, sem þarf til að standast þau próf, sem krafizt er fyrir hin einstöku skipstjórnarréttindi.

##### Um 2. gr.

Í greininni er tekið fram í hve mörgum stigum skipstjórnarnám skuli vera og námstími fyrir hvert stig. Enn fremur er heimild til að lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

##### Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að hvert stig skipstjórnarnáms taki við af öðru, eins og eðlilegt má teljast.

##### Um 4. gr.

4. gr. er um þær námsgreinar, sem kenna skuli við skólann, ásamt heimild til að bæta við námsgreinum eftir þörfum. Gert er ráð fyrir ýtarlegri fræðslu um fiskmeðferð en verið hefur, og einnig, að bætt verði við námsgreinum bæði fyrir farnmenn og fiskimenn eftir því sem þurfa þykir.

##### Um 5. gr.

Hér er bætt við eldri lagaákvæði gagnfræðaprófi eða hliðstæðu prófi sem inntöku-skilyrði í 1. bekk (áður 13. gr.). Í greininni er þó gert ráð fyrir, að skólinn hafi heimild til að undirbúa þá nemendur til inntöku í 1. bekk, sem ekki hafa tilskilið próf fyrir 1. bekk.

##### Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að skólinn starfi eigi skemur en til 15. maí í stað nú til aprílloka, sbr. 14. gr. eldri laga. Einnig heimild til að halda hálfsmánaðar námskeið að haustinu áður en kennsla hefst.

##### Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir prófi við lok hvers stigs, og að þeir sem ljúka prófi, er veitir þeim réttindi í utanlandssiglingum, fái útgefin prófskírteini bæði á íslenzku og ensku.

##### Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir einum prófdómara í hverri grein í stað þess, að í eldri lögum var gert ráð fyrir tveim prófdómurum, í fallgreinum.

##### Um 9. gr.

Greinin er hliðstæð 11. gr. eldri laga.

##### Um 10. gr.

Greinin er hliðstæð 15. gr. eldri laga að öðru leyti en því, að tala fastra kennara er ekki ákveðin.

##### Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

##### Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að í reglugerð verði ákveðið um námsefni og nánar kveðið á um próf, einkunnir, námskeið o. fl., er varðar skólahaldið í stað þess, að áður var talið upp námsefni fyrir hvert stig, sbr. 5., 6., 7., 8. og 9. gr. eldri laga.

Um 14. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans í stað samgöngumálaráðuneytisins samkv. eldri lögum og er það í samræmi við reglugerð nr. 96/1969 um Stjórnarráð Íslands.

Nýmæli er, að skipuð verði skólanefnd, sem ekki hefur áður verið starfandi fyrir skólann. Gætu með þessu skapast nánari tengsl milli skólans annars vegar og skipstjórnarfélaganna og vinnuveitenda skipstjórnarmanna hins vegar.

Um 15. gr.

Greinin er hliðstæð 19. gr. eldri laga. Þó er gert ráð fyrir, að undirbúningsnámskeið undir 1. bekk verði haldin árlega, þegar næg þátttaka er fyrir hendi og enn fremur, að 1. bekkjardeildir verði haldnar árlega í stað annað hvert ár samkv. eldri lögum. Í reglugerð yrði nánar kveðið á um þátttöku og tilhöggun námskeiðanna.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.